

Fundargerð fundar fulltrúa samstarfsnefnda aðildarfélaga BHM með aðild að starfsmati og Reykjavíkurborgar þann 10. febrúar 2017.

Fh. Félags sjúkraþjálfara, Iðjuþjálfafélags Íslands, Proskapþjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Félagsráðgjafafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga vegna fyrrum SHMN félagsmanna: Anna Lilja Magnúsdóttir og Halla Þorvaldsdóttir.

F.h. Reykjavíkurborgar: Atli Atlason og Ragnhildur Ísaksdóttir.  
Dagskrá: **Mat á 4 ára háskólanámi í starfsmati**

Starfsmatskerfið byggir á því að þekkingarþættir meta annarsvegar BA/BS háskólanám og hinsvegar MA/MS nám á háskólastigi. Frá 2006 hefur framkvæmd verið þannig að fjögurra ára BS nám er metið á sama þekkingarþætti og fimm ára MA/MS háskólanám.

Fram kom að breyting hefur orðið á námi sjúkraþjálfara og verður námið framvegis fimm ára MS nám í stað fjögurra ára BS náms. Iðjuþjálfaranámið hefur verið fjögurra ára BS nám til starfsréttinda en samsetning þess breytist haustið 2017 og verður þá þriggja ára BS nám að viðbættu einu ári til starfsréttinda.

Reykjavíkurborg leggur til að framvegis verði miðað við að framkvæma þekkingarþátt starfsmatsins rétt miðað við kerfið, þ.e. að meta eingöngu BA/BS gráðu annarsvegar og MA/MS gráðu hinsvegar en í tilfelli 4 ára BA/BS náms verði viðbótarárið metið til launa í kjarasamningi sbr. laun vegna viðbótarmenntunar og raðist tveimur launaflokkumhærra en ef um þriggja ára BA/BS nám er að ræða. Núverandi starfsmenn myndu þó halda því viðmiði sem verið hefur varðandi þekkingarþátt sinna starfa. Ákvörðun þessi gildir fyrir þau BHM félag sem eru aðilar að starfsmatskerfinu SAMSTARF.

Aðilar eru sammála um að beina því til starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar að fara í vinnu við endurskoðun þekkingarþáttar í heild sinni. Þegar starfsmatskerfið var tekið upp fyrir rúmum áratug var þekkingarþátturinn aðlagður að íslensku menntakerfi og uppbyggingu þess. Síðan þá hefur orðið þróun og breyting á samsetningu og skipulagi náms og því þörf á að taka upp þáttinn og kanna hvort þurfi að aðlaga hann breyttum forsendum m.a. út frá kröfum til starfsleyfa. Þá er mikilvægt að skoða skilgreiningar starfa, mat á reynslu og menntunarkröfu hjá vinnuveitanda og skoða dreifingu niður á þrep þáttarins m.a. út frá samanburði á milli sviða og kynja.

Ræða þarf sérstaklega jafngildingu náms í þeim tilfellum þegar háskólar breyta t.d. þriggja eða fjögurra ára námi í fimm ára nám. Þar sem nám til starfsréttindi í sjúkraþjálfun er orðið 5 ára MS verða þau störf metin eins og aðrar MA/MS gráður þar sem gerðar eru kröfur um slíka menntun.

Samþykkt að óska eftir formlegu samþykki fundargerðarinnar af hálfu fulltrúa allra samstarfsnefnda aðildarfélaganna.

*Anna Lilja Magnúsdóttir*  
*Halla Þorvaldsdóttir*  
*Ragnhildur Ísaksdóttir*  
*Atli Atlason*  
*Anna Lilja Magnúsdóttir*  
*Halla Þorvaldsdóttir*  
*Ragnhildur Ísaksdóttir*  
*Atli Atlason*